

Námsáætlun fyrir Forstig íslensku sem annað tungumál skólaárið 2025 - 2026



Kennari: Þóra Benónýsdóttir og Þórður Óldal Sigurjónsson

Tímafjöldi:

Virðing-Ábyrgð-Árangur-Ánægja

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Skilningur - Hlustun	Skilið einfalt daglegt mál er varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt. Skilið mjög einfaldar leiðbeiningar með stuðningi. Greint einstök orð og tölustafi sem kenndir hafa verið í einföldu hljóð- og myndefni. Hlustað og sýnt kurteisi.	Hlustun, samræður við kennara, verkefnavinna og orðaforðaspil. Æfum hljóð bókstafanna og tölurnar munnlega.	
Skilningur - Lestur	Tengt íslensk málhljóð við rittákn þeirra. Byrjar að þjálf sig í umskráningu og nær byrjunarfærni í lestri. Lesið og skilið einföld orð og einfaldar lykilsetningar sem honum hafa verið kenndar og eru algengar eða eru studdar myndefni.	Vinum með einfalt lestrarefni, orðleysur og stafaspil. Þematengd orðaforðaspil. Einfaldar lestrarbækur. Glósubækur til að þýða.	

	Nýtt sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða. Lesið mjög einfalda texta með stuðningi. Þekkt íslenska stafrófið. Talið og lesið tölur á íslensku.		
Tjáning – Talað mál, samskipti og frásögn	Tekið þátt í einföldum samræðum með stuðningi, er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum. Beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga. Kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig. Nýtt sér grunnorðaforða á 1.þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur, dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, í frístundinni og heima. Tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni á einfaldan hátt.	Innlögn frá kennara, samræður, eftirherma,	

	Stafað nafnið sit tog gefið upp símanúmer. Svarað til um nafn, afmælisdag sinn og heimilisfang.		
Tjáning - Ritun	Skrifað íslenska stafrófið eftir fyrirmynd. Þekkt íslenskan rithátt. Afritað orð og setningar. Skrifað einföld orð og einfaldar setningar sem hann hefur lært. Skrifað nafnið sitt. Teiknað röð mynda og með aðstoð skrifað stök orð eða setningar til að lýsa því sem er að gerast á myndunum.	Stafaspjöld, stafrófið, sóknarskrift, verkefni búin til af kennara.	
Menningarläsi	Kannast við helstu kennileiti í nærumhverfi sínu. Þekkir íslenska fánann. Þekkir landfræðilega legu Íslands.	Gönguferðir um nærumhverfið.	

Lykilhæfni	Notað fjölbreyttar samskiptaaðferðir svo sem tal, líkamstjáningu, teikningar, eigið mál og fleira. Unnið eftir fyrirmælum. Borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum. Tekið þátt í leik og starfi í skólasamfélaginu.		
Námsgögn: Stafaspjöld, einfaldar lestrarbækur, Orðasjóður, Orðagull, Kæra dagbók (frá ca. 4.bekk), Einmitt! (frá ca. 4.bekk), Staf fyrir staf, orðaforðaspil unnin af kennara.			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið eftir þetta skólaár. Einnig notar kennarinn leiðsagnarmat sem fer fram í hverjum tíma. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi og safna þannig á hæfnikort sitt.			